

Mannréttinda- og lýðræðisráð

Ár 2018, fimmtudaginn 8. nóvember var haldinn 7. fundur mannréttinda- og lýðræðisráðs. Fundurinn var haldinn í ráðhúsi Reykjavíkur og hófst kl.14.00. Fundinn sátu Dóra Björt Guðjónsdóttir, Kolbrún Baldursdóttir, Skúli Helgason, Guðrún Ögmundsdóttir, Gunnlaugur Bragi Björnsson, Sanna Magdalena Mörtudóttir, Daníel Örn Arnarsson og Jórunn Pála Jónasdóttir. Einnig sátu fundinn Anna Kristinsdóttir og Elísabet Pétursdóttir sem var fundarritari.

Þetta gerðist:

1. Lögð fram drög að aðgerðaráætlun í mannréttinda- og lýðræðismálum 2019-2022. Samþykkt.

Lögð fram svohljóðandi bókun mannréttinda- og lýðræðisráðs:

Aðgerðaráætlunin lítur vel út og er afrakstur góðrar vinnu ráðsins og mannréttindaskrifstofu en þó skal áréttað að plaggið er lifandi og mun taka breytingum samhliða störfum ráðsins. Mannréttindaskrifstofu er falið að skoða sérstaklega aðgerðir til að tryggja aðgengi að þjónustu borgarinnar og lýðræðisþátttöku út frá efnahagslegri stöðu fólks.

- Kl. 14.11 tekur Kolbrún Baldursdóttir sæti á fundinum.
- 2. Fram fer kynning á niðurstöðum úr kosningu um Betri hverfi.
- Kl. 15.00 vikur Sanna Magdalena Mörtudóttir af fundinum og Daníel Örn Arnarson tekur sæti.

Guðbjörg Lára Másdóttir og Unnur Margrét Arnardóttir taka sæti á fundinum undir þessum lið.

3. Lögð fram að nýju tillaga fulltrúa Flokks fólksins um að tekinn verði upp skólafatnaður í samvinnu við verkálðsfélögin og/eða lífeyrissjóði, sbr. 7. lið fundargerðar mannréttinda- og lýðræðisráðs frá 25. október 2018, ásamt afturköllun á tillögunni. R18100352.
4. Lögð fram að nýju tillaga flokks fólksins um beint og milliliðalaust lýðræði, sbr. 6. lið fundargerðar mannréttinda- og lýðræðisráðs frá 24. september 2018, ásamt umsögn skrifstofu borgarstjórnar um tillöguna. R18090206. Frestað.
5. Fram fer umræða um störf stýrihóps um endurskipulagningu og framtíðarskipan fyrir hverfisráðin.
6. Fram fer umræða um reglur um skyndistyrki. Frestað.
7. Lagt fram bréf borgarstjóra, dags. 8. nóvember 2018, varðandi samþykkir mannréttinda- og lýðræðisráðs.

Lögð fram svohljóðandi bókun mannréttinda- og lýðræðisráðs:

Mannréttindaskrifstofu er falið að senda erindi til forsætisnefndar vegna 2. gr. samþykktar mannréttinda- og lýðræðisráðs í tengslum við stjórnkerfismál og eftirlit með stjórnsýslunni.

8. Fram fer kynning á breytingum á samþykktum og verklagsreglum umboðsmanns borgarbúa.
9. Lögð fram til umsagnar skýrsla umboðsmanns fyrir starfsárið 2017-2018, dags. 13. september 2018.
- Kl.16.45 vikur Skúli Helgason af fundinum.

Ingi B. Poulsen, umboðsmaður borgarbúa, tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

10. Fram fer umræða um einstaklingsmál hjá umboðsmanni borgarbúa.

Ingi B. Poulsen, umboðsmaður borgarbúa, tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

Fundi slitið kl. 17.00

Dóra Björt Guðjónsdóttir

Kolbrún Baldursdóttir
Jórunn Pála Jónasdóttir
Guðrún Ögmundsdóttir

Gunnlaugur Bragi Björnsson
Daníel Örn Arnarsson